

„Þeir verða þá að fara yfir okkur“

- Hraunavinir ætla að reyna að stöðva framkvæmdir í Gálgahrauni
- Bíða eftir niðurstöðu dómsmála
- ÍAV segja að ekki sé hægt að fresta
- Efni úr hrauninu verður notað sem undirlag fyrir nýja veginn

Rúnar Pálmason
runarp@mb.is

Íslenskir aðalverktakar munu á næstu dögum halda áfram að ryðja braut fyrir nýjan Álfanesveg í gegnum Gálgahraun. Gunnsteinn Ólafsson, einn forsvarsmanna Hraunavina, segir að félagið muni reyna að stöðva framkvæmdir í hrauninu og hvetur til þess að unnið verði að öðrum þáttum verkisins – en hrauninu hlíf – þar til niðurstaða dómsmála liggir fyrir. „Við ætlum bara að standa þarna og þeir verða þá að fara yfir okkur ef þeir ætla með vélarnar í hraunið. Við ætlum að reyna að standa þetta af okkur,“ segir hann.

Grafa á vegum ÍAV byrjaði að moka braut í hraunið á föstudag en eftir tilmæli frá félögum í Hraunavinum var því hætt. Snemma í gærmorgun, á Degi íslenskrar náttúru, mættu fulltrúar Hraunavina á staðinn með Ómar Ragnarsson í broddi fylkingar en ástæðan fyrir



Ljósmynd/Gunnar Júlíusson

Hraun Ómar Ragnarsson og Reynir Ingibjartsson hraunavinir í Gálgahrauni í gær.

því að Dagur íslenskrar náttúru er 16. september er sú að Ómar á afmæli þann dag.

„Þegar vélarnar mættu til vinnu kl. 7.30 var þeim greinilega nokkuð brugðið. Menn ræddu málin og að endingu gáfu vélarnar drengskap-

arheit sitt fyrir því að ekki yrði farið í hraunið í dag heldur grafinn „götuskápur“, þ.e. fjárlægð-ur lífrænn jarðvegur úr vegstöðinu að hrauninu,“ segir í tilkynningu frá félaginu.

Sigurður R. Ragnarsson, framkvæmdastjóri mannvirkjavíðs ÍAV, segir að fyrirtækið hafi ekki svigrúm til að bíða með einstaka áfanga verkisins eigi að vera hægt að ljúka því á um-söndum tíma. Verklök eru 30. september 2015.

Sigurður bendir á að samkvæmt samningi við Vegagerðina eigi að nota efni úr hrauninu sem undirlag í veginn að vestanverðu.

Með þessu móti er minni þörf á efnisflutningum. Ef hraunið úr Gálgahrauni yrði ekki notað í undirlagið yrði að aka því á staðinn, með tilheyrandi kostnaði, en um slíkt verklag yrði Vegagerðin að semja sérstaklega við verktakann, samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni. Engu að síður þarf að aka töluverðu magni af efni á staðinn. Efnið úr hrauninu nýtist eingöngu í neosta lag vegarins.

Sigurður segir að næstu daga verði haldið áfram að grafa götuskápin, frá niverandi Álfanesvegi og að hraunbrúnni, og síðan verði haldið áfram inn í hraunið. Ekki liggja nákvæmlega fyrir hvenær það verði en það verði á næstu dögum.

Í tilkynningu Hraunavina er haft eftir grófstjóra ÍAV að honum lítist ekkert á framkvæmdina og ætli að segja sig frá þessu verkefni. Sigurður segir að samkvæmt sínum upplýsingum kannist grófstjórnin ekki við þessi ummæli og hann sé enn að störfum.

Bíði niðurstöðu tveggja dómsmála

Gunnsteinn Ólafsson, einn forsvarsmanna Hraunavina, segir nægt svigrúm fyrir ÍAV til að sinna öðrum verkþáttum og hlífa hrauninu þar til niðurstaða fæist í dómsmál sem hafa verið höfðuð vegna vegagerðarinnar, annars vegar til að fá vegarlagninguna dæmda ólöglega og hins vegar til að fá lögban sett á framkvæmdirnar.

Hálfs árs fangelsi fyrir kannabisræktun

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt tæplega þrítugan karlmann í sex mánaða fangelsi fyrir fikniefnalagabrot, en maðurinn hafði m.a. 55 kannabisplöntur í vörslu sinni í sölu- og dreifingarskyni.

Upp komst um kannabisræktunina í dseember en hún fór fram í íbúð mannsins. Hann viðurkennði, að hafa verið með umrædda ræktun. Hefði hann kynnt sér aðferð við ræktun á netinu og í framhaldi komið sér upp búnaði. Maðurinn hafði

ekki verið í vinnu á þessum tíma heldur notið atvinnuleysisbóta. Hann kvaðst aðallega hafa ætlað að nota þessi fikniefni sjálfur en á þessum tíma hefði hann reykt kannabis.

Í niðurstöðu héraðsdóms segir, að samkvæmt myndum lögreglu af vettvangi hafi ræktunin á engan hátt verið viðvarningsleg. Komid hafði verið upp sérstökum tjöldum til ræktunar með tilheyrandi loftræstikerfi, lömpum og öðrum búnaði. Hafi íbúðin innan verið lögð undir ræktunina.

STUTT



Gáfu 10 milljónir í Sýrlandssöfnun

Fatímusjódur hefur afhent Rauða krossinum 10 milljónir króna til Sýrlandssöfnunar félagsins. Fénu verður varið til aðstoðar við sýr- lenska flóttamenn í Líbanon.

Þetta er í annað sinn sem Fatímusjódur styrkir Sýrlandssöfnun Rauða krossins, en sjóðurinn var sofnaður árið 2005.

Í Líbanon búa 3,9 milljónir manna en um 700 þúsund flóttamenn frá Sýrlandi hafa leitað þar hælis. Flóttafólkið hefur líftinu aðgang að heilbrigðiskerfinu, og hefur Rauði krossinn á Íslandi því hrundið af stað verkefni í samvinnu við líbenska Rauða krossinn til að sinna brýnni þörf fyrir heilsugæslu og lækniástoð. Guðlaug Pétursdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Ragný Þóra Guðjónsen úr stjórni Fatímusjóðs afhentu þeim Þóri Guðmundssyni, sviðsstjóra hjálparstarfsvíðs, og Hermann Ottóssyni, framkvæmdastjóra Rauða krossins, styrkinn.

Safna fyrir fólk í Suður-Súdan

Nemendur Suðurhlíðarskóla muna heimsækja borgarþiá Reykjavíkur í árlegrri söfnun dagana 17.-19. september en söfnunin er að þessu sinni til hjálpar fólki í Suður-Súdan.

Fram kemur í tilkynningu, að Suðurhlíðarskóli hafi í mörg ár aðstoðað Hjálparstarf aðventista/ADRA með því að nemendur, kennarar og skólá- stjóri ganga í húð og biðja um fjárframlög.

Yfirskrift söfnunarinnar í ár er „Skóli fyrir lífið“ og miðar hjálparstarfið að því að þjálfa kennara og efla menntun barna og fullorðinna í Suður-Súdan.

Hvað vill Þeking?

Alþjóðastofnun HI efnir til opinis fyrirlestrar í Norræna húsinu miðvikudaginn 18. september kl. 12-13. Marc Lanteigne, dós- ent við stjórnmálafræðideild Victoria-háskóla í Wellington á Nýja-Sjálandi, flytur fyrirlesturinn: Hvað vill Þeking?

Næstu skref í utanríkisstefnu Kína. „Frá því að Xi Jinping tók við forsetaembættinu í nóvember á síðasta ári hefur staða Kína í alþjóða- samfélaginu vaxið enn frekar, eins og glögt má sjá á auknu sjálfs- trausti Kína í utanríkisáttum, sem hefur meðal annars lýst sér í auk- inni áherslu á heimssvæðið utan Ásu og Kyrrahafssvæðisins,“ segir m.a. í kynningu.



Marc Lanteigne

Ræktun stöðvuð

Lögreglan stöðvaði kannabisræktun á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu á föstudag. Lagt var hald á samtals um 150 kannabis- plöntur á ýmsum stigum ræktunar, auk lítilræðis af öðrum fikniefnum. Ræktun var mjög umfangsmikil á tveimur stöðum og var búnaðurinn eftir því. Fimm karlar á þrítugs- aldri voru handteknir en við að- gerðirnar naut lögreglan aðstoðar sersveitar ríkislögreglustjóra.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. september 2013, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2013 og önnur gjaldfallin á lögð gjöld og ógreiddar hækkunar er fallið hafa í eindaga til og með 16. september 2013, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabla, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattransóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis og álöögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Teekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangöldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda. Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Er gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfenging tekjuskatt, áfenginggjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. september 2013

Tollstjóri	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Kópavogi	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	Sýslumaðurinn á Hólmavík	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn í Keflavík	Sýslumaðurinn á Siglufirði	Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn á Akranesi	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Sýslumaðurinn á Blönduósi	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	Sýslumaðurinn á Akureyri	
Sýslumaðurinn í Búðardal	Sýslumaðurinn á Húsavík	
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	



Markmiðið er að efla menntun.